



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

APRÍL

Mánudaginn 15. mars var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 10.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Níels Guðmundsson endurskoðandi hjá Enor sat fundinn undir 1. lið dagskrár.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá :

1. Ársreikningur 2018

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins 2018 til fyrri umræðu. Níels Guðmundsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Hann kynnti einnig sambanburð ársreiknings við fjárhagsáetlun fyrir árið. Ársreikningi var vísað til annarrar umræðu.

2. Efling fyrirtækja og frumkvöðla

Fyrir fundinum lá samningur sveitarfélagsins við ráðgjafafyrirtækið Áttir ehf. en samningurinn er liður í atvinnuátaki sveitarfélagsins Skagastrandar og tekur til afmarkaðs verkefnis. Sveitarstjórn samþykkti samninginn án breytinga og fól sveitarstjóra að undirrita samninginn.

3. Erindi Golfklúbbs Skagastrandar

Fyrir fundinum lá tillaga að að efnislegum forsendum samnings sveitarfélagsins við Golfklúbb Skagastrandar. Samningurinn varðar annars vegar fyrirhuguð kaup sveitarfélagsins á landareign og fasteignum golfklúbbsins og hins vegar rekstrarsamning við golfklúbbinn um rekstur golfvallar og uppbyggingu á félagsstarfi. Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir forsendur fyrirhugaðra samninga og lögð var fram tillaga að útfærslu sem var rædd. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að óska eftir verðmati á eignum og vinna drög að samkomulagi við golfklúbbinn.

4. Matslýsing aðalskipulags

Til afgreiðslu var fundargerð Hafnar- og skipulagsnefndar 20.03.19.

Liður 3. Endurskoðun aðalskipulags Skagastrandar



Á fundi sveitarstjórnar þann 30. janúar 2019 var matslysingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagastrandar, dagsett. 11. október 2018, vísað til umfjöllunar og afgreiðslu hafnar- og skipulagsnefndar.

Skipulags-og matslysing er lýsing á því hvernig uppfært aðalskipulag sveitarfélagsins verður, og er það sett fram í samræmi við skipulagslög nr.123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Hafnar- og skipulagsnefnd tók lýsinguna til umfjöllunar og óskaði eftir fresti til þess að gera breytingatillögur sem hægt væri að leggja fyrir sveitarstjórn. Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki matslysinguna til auglysingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, að teknu tilliti til breytingatillaga nefndarinnar.

Bókun sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn tók breytingatillögur til umfjöllunar og staðfesti síðan afgreiðslu hafnar og skipulagsnefndar með minniháttar breytingum.

5. Þjóðskógar á Skagaströnd

Fyrir fundinum lá tillaga að því að gera samning við Skógræktina um að gróðursetja þjóðskóga á Skagaströnd. Markmið verkefnisins er að binda kolefni og veita skjól. Fyrirliggjandi verkþættir eru m.a. þeir að afmarka það svæði sem hægt er að nýta fyrir verkefnið og setja fram ræktunar- og framkvæmdaráætlun í samvinnu við Skógræktina. Sveitarstjórn ræddi hugmyndina og samþykkti að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna áfram að verkefninu.

6. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2019. Viðaukum sem lágu fyrir fundinum var stillt upp í form í samræmi við reglugerð nr. 1212 um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga. Tillaga um viðauka var vegna eftirfarandi mála.

Viðauki vegna rekstrar				
Bókhaldsliðir	Málafl/Déild	Skýring	Upphæð þús.	Áður til umfj.
1141-4999	Umhverfismál	Fornleifarannsókn	180	08.03.2019
1302-9991	Atvinnumál	Atvinnuátak	5.000	30.1.19 og 8.3.19
Samtals viðauki vegna rekstrar :			5.180	

Viðauki vegna fjárfestinga				
Bókhaldsliðir	Málafl/Déild	Skýring	Upphæð þús.	Áður til umfj.
31503	Opin svæði	Hjólahreystibraut og leiktæki	3.500	14.6.18 og 12.9.18
Samtals viðauki vegna fjárfestinga :			3.500	

Sveitarstjórn samþykkti viðaukana og að þeim verði mætt með lækkun á handbæru fé.



7. Bréf

a) Skotfélagsins Markviss dags. 01.09.2018

Með bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi að upphæð kr. 400.000- frá sveitarfélagini vegna uppbyggingar aðstöðuhúss við riffilbraut á skotsvæði félagsins við Blönduós.

Sveitarstjórn sá sér ekki fært að verða við umbeðinni styrkupphæð en samþykkti að leggja kr. 100.000-. verkefnisins.

b) Húnavatnshrepps dags. 28.02.2019

Með bréfinu er tilkynnt eftirfarandi bókun sveitarstjórnar Húnavatnshrepps frá fundi sveitarstjórnar þann 27. febrúar 2019.

7. Önnur mál:

a. Stofnun byggðasamlangs um mannvirkjamál.

i. Sveitarstjóri fór yfir hugmyndir um stofnun á byggðasam lagi um mannvirkjamál. Undir það myndi meðal annars falla, skipulags- og byggingamál.

I. Sveitarstjórn horfir á það með jákvæðum augum að nýtt byggðasamlag verði stofnað um mannvirkjamál.

Bréfið var til kynningar.

c) Útlendingastofnunar dags. 13.02.19

Með erindinu óskar Útlendingastofnun eftir afstöðu sveitarstjórnna til þess að gera þjónustusamning við stofnunina er snýr að félagslegri þjónustu og stuðningi við umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan þeir bíða niðurstöðu vegna umsóknar sinnar. Sveitarstjórn sá sér ekki fært að verða við verkefninu og fól sveitarstjóra að svara erindinu.

d) Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 18.03.19

Efni bréfsins varðar almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga sé í samræmi við lög og reglur.

Bréfið var til kynningar

e) Jafnréttisstofu dags. 19.03.19

Erindi bréfsins er beiðni um afhendingu jafnréttisáætlunar ásamt framkvæmdaáætlun. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, skulu sveitarfélög setja sér jafnréttisáætlun til fjögurra ára. Áætlanir skulu lagðar fram og samþykktar af sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að útbúa og leggja fram jafnréttisáætlun innan tilgreinds frests.



f) Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands dags. 25.03.19

Með bréfinu býður Styrktarsjóður EBÍ að send verði umsókn um sérstök framfaraverkefni til sjóðsins og gefur frest til aprílloka til að senda inn umsóknir. Sveitarfélagið Skagaströnd fékk síðast styrk frá sjóðnum árið 2016.

Bréfið var til kynningar.

g) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 18.03.19

Með bréfinu er lagt fram minnisblað um áætlun um tekjutap vegna áforma um frystingu framlags ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2020 og 2021. Samkvæmt fjárlögum er áætlað að framlag ríkisjsóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2019 verði 20.567. m.kr. Fjármála- og efnahagsráðherra hefur tilkynnt forsvarsmönnum sambandsins að framlag ríkisjsóðs verði hið sama árin 2019-2021 sem leiðir til þess að tekjutap sveitarfélaga verði um 1.179 m.kr. árið 2020 og um 2.106 m.kr. árið 2021 eða samtals 3.285 m.kr. Miðast útreikningar við að skatttekjur og útsvar hækki í takt við spár fjármála- og efnahagsráðuneytis um þróun þessa skatta. Sé horft til áætlaðs tekjutaps einstakra sveitarfélaga má áætla að tap Sveitarfélagsins Skagastrandar nemi um 18.6 m.kr. og tap sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um 242.9 m.kr.

XXXIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur samþykkt að krefjast þess, að áform ríkisstjórnarinnar um að skerða framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á næstu tveimur árum verði dregin til baka.

Samþykkt landsþingsins frá 29. mars 2019 er í heild sinni eftirfarandi:

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga krefst þess að þau óásættanlegu áform sem fram koma í fyrilliggjandi tillögu að fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2020-2024 um að skerða framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga næstu tvö ár um 3,3 ma.kr. verði dregin til baka.

Landsþingið minnir á að í 11. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um að við móturn fjármálaáætlunar skuli ráðherra leita samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga. Engar viðræður fóru fram um málid heldur var fulltrúum sveitarfélaga tilkynnt um þessa ákvörðun. Landsþingið telur vinnubrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins í málinu vera með öllu óásættanleg enda væri þannig verið að skapa hættulegt fordæmi um að ríkisvaldið grípi einhliða inn í lögbundna tekjustofna sveitarfélaga. Íjóst er jafnframt að fyrirhuguð skerðing framlaga jöfnunarsjóðs kemur misjafnlega niður á sveitarfélögum og bitnar harðast á sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins.

Landsþing sambandsins fer fram á að ríkisstjórnin og Alþingi tryggi að samskipti ríkis og sveitarfélaga verði á jafnraðisgrundvelli þar sem virðing og traust ríki á milli aðila. Slik



samskipti hafa verið að byggjast upp undanfarin ár með góðum árangri, en er nú ógnað af hálfu ríkisins með því frumhlaupi sem landsmenn hafa orðið vitni að í þessu máli.

Landsþingið lýsir sambandið engu að síður tilbúið í viðræður um málið.

Bókun sveitarstjórnar

Sveitarstjórn tekur undir ofangreinda samþykkt er varðar mögulega skerðingu á framlögum ríkis til Jöfnunarstjóðs sveitarfélaga, ef af henni verður.

h) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.03.19

Með bréfinu er farið yfir túlkanir á einstaka þáttum í kjarasamningum FG og SNS.

Bréfið var til kynningar.

i) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 03.04.19

Með bréfinu er tilkynnt um yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 3. apríl 2019 í tengslum við lífskjarasamninga 2019-2020:

Til að stuðla að verðstöðugleika mun Samband íslenskra sveitarfélaga mælast til þess við sveitarfélögin að þau hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu 2019 umfram það sem þegar er komið til framkvæmda.

Einnig mun sambandið mælast til þess við sveitarfélögin að á árinu 2020 muni gjöld á þeirra vegum hækka um 2,5% að hámarki, en minna ef verðbólga er lægri.

Bréfið var til kynningar.

j) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 08.04.19

Efni bréfsins er Vorþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins: „Bæjarstjórar standa vörð um lýðræðið“.

Bréfið var til kynningar.

k) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 14.03.19

Tölvubréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem vakin er athygli á álti umboðsmanns Alþingis frá 26. október sl. í máli nr. 9561/2018 er varðar framkvæmd sveitarfélaga á framsali ráðningarávalds.

Bréfið var til kynningar.



I) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 04.04.19

Með bréfinu er fjallað um akstursþjónusta fyrir fatlað fólk 2019. Áætlað er að heildarframlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna akstursþjónustu við fatlað fólk úr dreifbýli nemi um 50 m.kr. á árinu 2019. Úthlutun byggist á umsóknum frá sveitarfélögum sem óskað verður eftir síðar á árinu.

Bréfið var til kynningar.

m) Forsætisráðuneytis, dags 02.04.19

Með bréfinu er boðið til fundar Forsætisráðuneytis sem fyrirhugaður er þann 7. júní nk. en á fundinum verður farið yfir málefni þjóðlendna.

Bréfið var til kynningar.

8. Fundargerðir

a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 15. mars 2019

Fundargerðin var til kynningar

b) Hafnarsambands Íslands dags. 22. mars 2019

Fundargerðin var til kynningar

c) Stjórnar SSNV dags. 5. apríl 2019

Fundargerðin var til kynningar

9. Önnur mál

Umræður urðu um eignarhlut sveitarfélagsins í féluginu Snorrabergi ehf. Sveitarstjóra var falið að hefja viðræður um sölu á eignarhluti sveitarfélagsins við meðeigendur félagsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:20

Halldór G. Ólafsson
Halldór G. Ólafsson

Róbert Kristjánsson
Róbert Kristjánsson
Kristín B. Leifsdóttir
Kristín B. Leifsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir
Péturína L. Jakobsdóttir

Guðmundur E. Erlendsson
Guðmundur E. Erlendsson
Alexandra Jóhannesdóttir
Alexandra Jóhannesdóttir